

9. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um forgangsrètt skulda í þrotabúi.

1860.

23. febrúar.

Þær hafið, herra stiptamtmaður, með bréfi 7. marzm. f. á. sent dómsmálastjórninni landsyfirrèttar-dómsgjörning í máli því, er ríkissjóðurinn átti í við jungfrúrnar M. K. Lassen og J. M. Lassen m. fl.; sèst af dómsgjörningi þessum, að yfirrètturinn hefur staðfest skipti á búi eptir Grím Jónsson, etazráð, fyrrum amtmann yfir norður- og austurumdæminu, og þannig synjað ríkissjóðnum um alla borgun úr búinu fyrir skuld þá, að upphæð 509 rd. 92 sk., er hann átti inni í því; en af skuld þessari voru 462 rd. 92 sk. ofborguð laun, 37 rd. 46 sk. óborgaður metorðatollur, og 9 rd. 50 sk. bréfburðarpeningar, er greiða átti póstsjóðnum.

Með því opið bréf 23. júlím. 1819 ekki hefur verið löggilt á Íslandi, smbr. kansell. br. 28. ágústm. 1830, hlýtur dómsmálastjórnin að vísu að fallast á álit landsyfirrèttarins um það, að ríkissjóðurinn hefði ekki átt að njóta forrèttar fyrir neinu af kröfu sinni í þrotabúinu, og ganga á undan skuld þeirri, er hinar stefndu áttu eptir veðbréfi 21. septemberm. 1836, svo framarlega sem það er rètt, sem landsyfirrètturinn hyggur, að skuld þeirra beri að álíta sem veðskuld; en þetta virðist dómsmálastjórninni vera aðalspurningin í máli þessu, og að því leyti getur dómsmálastjórnin ekki betur sèð, en að dómurinn ekki sè á góðum rökum byggður, þó ekki væri annað, þá samt þess vegna, að skuldabréfinu jafnvel ekki í konungsríkinu hefur verið haldið við sem veðskuldabréfi, þareð það ekki var þinglesið samkvæmt tilskipun 28. júlím. 1841, 1. gr., innan 12 vikna frá því tilskipun þessi er dagsett.

Þegar þannig er litið á málið virðist því að vísu vera næg ástæða til að skjóta landsyfirrèttardóminum til hæstarèttar. En á hinn bóginn ber þess að gæta, að skiptagjörningnum var fullnægt vorið 1853 og þá borgaðar skuldir búsins eptir honum, en þeir, er fèð fengu, eru öreigar, eptir því sem frá er skýrt, og hefur því dómsmálastjórnin haldið, að það mundi engan

1860. árangur hafa fyrir ríkissjóðinn, að skjóta málinu til hæstaréttar.
 23. febrúar. Eptir að búið er að skrifast á um málið við málaflutningsmann stjórnarinnar í fjármálum og við innanríkis stjórnina, hefur því verið ákveðið að láta svo búið standa við dóm landsyfirréttarins.

Um leið og dómsmálastjórnin tilkynnir yður þetta, eruð þér beðnir að sjá svo um, að þeir 509 rd. 92 sk., sem að ofan eru nefndir, verði taldir með gjöldum sem ófánleg skuld í reikningunum, þar sem gjörð er grein fyrir þessu fê, og sé þá skýrskotað til bréfs þessa.

29. febrúar. 10. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um nefnd þá í Reykjavík, sem sett var til umsýðar í fjárkláðamálinu.

Sem framhald af bréfum stjórnarinnar 15. og 17. október í fyrra, látum vér yður hér með vita, að nefnd sú, sem skipuð var í seinna bréfinu til umsýðar í fjárkláðamálinu, getur fyrst um sinn haldið áfram störfum sínum, þangað til nákvæmari skýrslur eru komnar um heilbrigðisástand fjárens, ef þér álitid það nauðsynlegt. Það er og lagt á yðar vald, eptir að þér hafið borið yður saman við nefndina um það, að ákveða, hvort dýralæknarnir skuli dvelja á Íslandi lengur en þetta fjárhagsár.

Stjórnin vonar eptir skýrslu með gufuskipinu aptur, um það sem af verður ráðið í þessu efni, og um allt sem lýtur að þessu máli.

3. marz. 11. Lög um eptirlauna viðbót handa fyrrum sóknarpresti til Garða og Bessastaða og prófasti í Gullbringu og Kjósar sýslum á Íslandi, stipt-prófasti Árna Helgasyni.

Vér Friðrik hinn sjöundi, o.s.frv., Gjörum kunnugt: Lög þessi hefur ríkisþingið fallizt á og Vér staðfest með samþykki Voru: